



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík
(Sent á samráðsgátt stjórnvalda)

03. júní 2024

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs. Mál nr. S-101/2024.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar tækifærið til þess að skila inn umsögn um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs. Fíh fagnar því að verið sé að koma á reglugerð um meðferðir til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs og að tillit hafi verið tekið til fyrri umsagnar. Fíh telur að menntun hjúkrunarfræðinga á Íslandi sé fullnægjandi til þess að vera sjálfstæðir veitendur meðferða á grundvelli reglugerðardraga þessara. Fíh langar þó að koma með eftirfarandi ábendingar.

1. gr. Markmið

Fíh telur óljóst til hvaða starfsemi reglugerðardrög þessi ná yfir, sjá umræðu um 6. gr reglugerðardraga í umsögn þessari.

2. gr. Gildissvið

Gera þarf greinarmun á því hvort um lyfseðilskyld efni, efnasamsetningar eða hlutir eiga í hlut eða ekki.

5. gr. Bærir aðilar til að veita meðferðir

Til þess að jafnræðis og hlutleysis sé gætt telur Fíh að fella eigi burt síðustu orð síðustu málsgreinar: *enda hafi þeir aflað sér fullnægjandi þekkingar og hæfni til þess að veita meðferðina*. Ellegar skýra betur og skilgreina hvað felist í fullnægjandi þekkingu og hæfni. Að öðrum kosti er hætt við að hentistefna hafi áhrif á ákvarðanatöku um hver fái leyfi til að veita meðferð án læknisfræðilegs tilgangs.

6.gr. Heimild til að veita meðferð

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 um gildissvið, stefnumörkun og skilgreiningar segir meðal annars:



Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna: Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi
heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðslubátttöku ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 40/2007 er gert ráð fyrir að hjúkrunarfræðingar, sem löggildir heilbrigðisstarfsmenn, geti opnað starfsstöð og starfað sjálfstætt. Hjúkrunarfræðingar hafa sótt um leyfi starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna til Embættis landlæknis, þar sem meðferðir án læknisfræðilegs tilgangs hafa verið stundaðar (til dæmis sprautun á ólyfseðilskyldum fylliefnum/blóðflöguríku fíbríni í húð) í þeim tilgangi að vinna á örum og skemmdum í húð og/eða hársverði.

Dæmi er um að hjúkrunarfræðingar hafi fengið synjun á umsókn sinni um leyfi fyrir starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna, þar sem stjórnvaldið sem gefur út slík leyfi, Embætti landlæknis, telur starfsemina ekki falla undir skilgreiningu laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Því þarf að tryggja það ef reglugerðardrög þessi öðlast gildi, að yfirvöld samræmi skilning sinn á því hvað falli undir heilbrigðisþjónustu og hvað ekki. Að mati Fíh þarf að tryggja það að hjúkrunarfræðingum verði veitt leyfi fyrir opnun starfsstofu sem veita meðferðir án læknisfræðilegs tilgangs með efnum, efnasamsetningum og hlutum. Slíkt mat á ekki að fara fram í ógagnsæjum umsóknum þar sem óljóst er hverjar kröfurnar eru.

Umræða

Ljóst er að mun ríkari kröfur eru gerðar um veitingu heilbrigðisþjónustu en annarrar almennrar þjónustu. Fíh er sammála þeirri nálgun að meðferðir án læknisfræðilegs tilgangs þar sem efnum, efnasamsetningum eða hlutum sem notaðir eru til andlits, húð- eða slímhúðarfyllinga með því að sprauta þeim undir húð, í slímubeð eða leðurhúð eða sett inn á annan hátt, á að tilheyra heilbrigðisþjónustu. Það er réttmætt að mati Fíh og til þess fallið að auka öryggi þeirra sem þiggja þá meðferð og gæði þjónustunnar.

Að mati Fíh ættu hjúkrunarfræðingar að veita meðferð án læknisfræðilegs tilgangs í sjálfstæðum rekstri með leyfi Embættis landlæknis, þar sem efnum, efnasamsetningum eða hlutum sem notaðir eru til andlits, húð- eða slímhúðarfyllinga með því að sprauta þeim undir húð, í slímubeð eða leðurhúð eða sett inn á annan hátt, þar sem lyfseðils er ekki þörf. Ef upp koma óvænt atvik í meðferðum þá eru hjúkrunarfræðingar menntaðir og þjálfaðir til þess að geta brugðist rétt við og kallað til viðeigandi aðstoðar og/eða beina í viðeigandi farveg.

Einnig þekkist vel það fyrirkomulag erlendis að lækna séu í samstarfi með starfsstofum hjúkrunarfræðinga. Líkja má því fyrirkomulagi að hluta til við það sem þekkist vel í vinnulagi þessara tveggja samstarfstétta hér á Íslandi þegar svokallaðar PN (per need/lyf



gefin eftir þörfum) lyfjaávisanir eru gerðar af læknum og hjúkrunarfræðingum er falið að meta hvenær viðeigandi er að nota. Slíkt fyrirkomulag myndi auka enn frekar á gæði og öryggi þeirra sem þiggja meðferðir án læknisfræðilegs tilgangs. Fíh leggur í því samhengi ríka áherslu á eftirlitshlutverk Embættis landlæknis og mikilvægi þess.

Loks telur Fíh að hjúkrunarfræðingar geti sprautað lyfseðilskyldum fylliefnum eða efnasamsetningum undir húð, í slímubeð eða leðurhúð eða sett inn á annan hátt, í samstarfi við lækna, í meðferðum án læknisfræðilegs tilgangs.

Að lokum vill Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga koma á framfæri vilja sínum til að koma að frekari samstarfi við yfirvöld um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga